



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 24. febrúar 2016

Stjórnvaldssekt vegna brots Kópavogsbæjar gegn 1. mgr. 122. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti

Hinn 11. febrúar 2016 tók stjórn Fjármálaeftirlitsins þá ákvörðun að leggja stjórnvaldssekt að fjárhæð 3.000.000 krónur á Kópavogsbæ vegna brots gegn 1. mgr. 122. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.) með því að hafa ekki birt innherjaupplýsingar, sem fólust í tillögu sem samþykkt var á bæjarstjórnarfundum hinn 14. janúar 2014, eins fljótt og auðið er og á jafnræðisgrundvelli.

Málsatvik

Kópavogsbær er útgefandi skuldabréfa sem skráð eru í Kauphöllinni.

Á 1088. fundi bæjarstjórnar Kópavogsbæjar, sem haldinn var þriðjudaginn 14. janúar 2014 og hófst kl. 16:00, var lögð fram eftirfarandi tillaga:

„Vegna neyðarástands á húsnæðismarkaði samþykkir bæjarstjórn að kaupa nú þegar 30-40 íbúðir víðsvegar í bænum til að mæta vanda þeirra sem þurfa á félagslegum úrræðum að halda í húsnæðismálum. Jafnframt samþykkir bæjarstjórn að hefja nú þegar undirbúning að byggingu tveggja fjölbýlishúsa með leiguíbúðum. Þar verði hagkvæmar íbúðir til leigu bæði á hinum almenna markaði og hinum félagslega. Gert er ráð fyrir að þær verði tilbúnar á árinu 2015.“

Tillagan var samkvæmt fundargerð samþykkt fyrir klukkan 18:20 með sex atkvæðum gegn fjórum en einn bæjarfulltrúi sat hjá. Fundi bæjarstjórnar lauk kl. 20:15.

Kl. 22:54 sama kvöld birtist frétt á vefnum mbl.is um framangreinda samþykkt bæjarstjórnar.

Kl. 13:39 daginn eftir birti útgefandi opinberlega tilkynningu vegna bæjarstjórnarfundarins þar sem vakin var athygli á fyrrnefndri samþykkt bæjarstjórnar um húsnæðismál. Í tilkynningunni kom fram að ákvörðunin gæti hækkað skuldir Kópavogsbæjar um 7-9% frá gildandi áætlunum bæjarins.

Athugun Fjármálaeftirlitsins hófst í kjölfar ábendingar frá kauphöll Nasdaq Iceland hf., dags. 15. apríl 2015, og var óskað eftir skýringum og sjónarmiðum Kópavogsbæjar. Í samskiptum sínum við Kópavogsbæ vegna málsins vakti Fjármálaeftirlitið einnig athygli á heimild eftirlitsins til að ljúka málum vegna brota gegn 1. mgr. 122. gr. vvl. með samkomulagi um sátt ef málsaðili óskaði eftir því og skilyrði sáttar væri að öðru leyti uppfyllt. Kópavogsbær óskaði ekki eftir því að ljúka málinu með samkomulagi um sátt.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Niðurstaða

Fjármálaeftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að tillagan um húsnæðismál sem bæjarstjórn Kópavogsbæjar samþykkti á fundi sínum hinn 14. janúar 2014 hefði falið í sér innherjaupplýsingar.

Í 120. gr. vvl. segir að með innherjaupplýsingum sé átt við nægjanlega tilgreindar upplýsingar sem ekki hafa verið gerðar opinberar og varða beint eða óbeint útgefendur fjármálagerninga, fjármálagerningana sjálfa eða önnur atriði og eru líklegar til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð fjármálagerninganna ef opinberar væru, eins og nánar er kveðið á um í reglugerð nr. 630/2005 um innherjaupplýsingar og markaðssvið.

Nægjanlega tilgreindar upplýsingar.

Tillagan sem bæjarstjórn Kópavogs samþykkti fól í sér nægjanlega tilgreindar upplýsingar. Tillagan kvað á um að Kópavogsbær myndi nú þegar kaupa 30-40 íbúðir og byggja tvö fjölbýlishús en byggingu þeirra skyldi lokið á árinu 2015. Tillagan var samþykkt af þar til bæru stjórnvaldi og af efni hennar mátti ráða að hún fæli í sér umtalsverðan kostnað fyrir Kópavogsbæ. Forsvarsmönnum Kópavogsbæjar mátti vera þetta ljóst enda kom fram í minnisblaði sem gekk á milli regluvarðar og vararegluvarðar Kópavogsbæjar sama kvöld og tillagan var samþykkt að kostnaður Kópavogsbæjar vegna tillögunnar yrði um 3.300 milljónir.

Upplýsingarnar vörðuðu beint eða óbeint Kópavogsbæ, útgefanda fjármálagerninga, fjármálagerningana sjálfa eða önnur atriði.

Tillaga bæjarstjórnar Kópavogsbæjar um húsnæðismál fól í sér verulegan kostnað fyrir Kópavogsbæ. Slíkar upplýsingar voru til þess fallnar að geta haft áhrif á verðlagningu skuldabréfa bæjarins sem skráð voru í kauphöll þar sem búast mátti við að framkvæmd tillögunnar kallaði á frekari lántökur og/eða útgáfu skuldabréfa með tilheyrandi auknu framboði á markaði fyrir slíkar vörur.

Upplýsingarnar voru líklegar til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð fjármálagerninganna.

Með hliðsjón af því að tillagan fól í sér verulegan kostnað fyrir Kópavogsbæ og upplýsingar um slíkt voru til þess fallnar að hafa áhrif á verðlagningu skuldabréfa bæjarins sem skráð voru í kauphöll má gera ráð fyrir að upplýstur fjárfestir myndi að öllum líkindum nýta umræddar upplýsingar til að byggja fjárfestingarákvörðun sína á varðandi skuldabréf Kópavogsbæjar.

Fjármálaeftirlitið komst einnig að þeirri niðurstöðu að Kópavogsbær hefði ekki birt innherjaupplýsingar eins fljótt og auðið er og á jafnræðisgrundvelli og þar með brotið gegn 1. mgr. 122. gr. vvl.

Í 1. mgr. 122. gr. vvl. segir að útgefanda fjármálagerninga, sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða verslað er með á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF), beri að birta almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu allar



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Þær innherjaupplýsingar sem varða hann eins fljótt og auðið er og á jafnræðisgrundvelli, eins og nánar er kveðið á um í 11. gr. reglugerðar nr. 707/2008 um upplýsingagjöf og tilkynningarskyldu.

Innherjaupplýsingar mynduðust um leið og tillagan um húsnæðismál var samþykkt á bæjarstjórnarfundum hinn 14. janúar 2014. Kópavogsbær birti upplýsingarnar fyrst kl. 13:39 daginn eftir eða u.þ.b. 19 klukkustundum eftir að þær mynduðust og rúmum 4 klukkustundum eftir að markaðir opnuðu daginn eftir. Jafnræði fjárfesta var ekki tryggt en bæjarstjórnarfundinum var útvarpað og fjölmiðlar birtu frétt um hina samþykktu tillögu rúmum 14 klst. áður en Kópavogsbær birti tilkynningu í Kauphöll.

Ákvæði í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 sem mælir fyrir um að halda skuli sveitarstjórnarfundum fyrir opnum dyrum og strangar reglur um fjármál sveitarfélaga breyta ekki þeim skyldum sem hvíla á Kópavogsbæ sem útgefanda skuldabréfa samkvæmt vvl.

Vegna skyldunnar um að sveitarstjórnarfundir séu opnir og að það geti gerst að tillögur séu lagðar fyrir fund bæjarstjórnar með stuttum eða engum fyrirvara og þær samþykktar án þess að þær hafi verið undirbúnar með viðeigandi hætti þá verður að gera þá kröfu til útgefanda að hann hafi til staðar viðeigandi verkferla til að bregðast við slíkum aðstæðum til að tryggja að framkvæmdin sé í samræmi við vvl.

Þá var það niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að leggja bæri stjórnvaldssekt á Kópavogsbæ vegna brots gegn 1. mgr. 122. gr. vvl.

Brot á 122. gr. vvl. getur annars vegar varðað stjórnvaldssektum, sbr. 36. tölul. 1. mgr. 141. gr. vvl., og hins vegar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, sbr. 16. tl. 145. gr. sömu laga.

Ákvörðun sektarfjárhæðar

Á því tímamarki þegar brotið átt sér stað nam stjórnvaldssektarheimild Fjármálaeftirlitsins vegna brota lögaðila gegn ákvæði 1. mgr. 122. gr. vvl. frá 50 þúsund krónum til 50 milljóna króna, sbr. 3. mgr. 141. gr. vvl. Í sama ákvæði sagði að við ákvörðun sekta skyldi m.a. tekið tillit til alvarleika brots, hvað það hefði staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort um ítrekað brot væri að ræða.

Við ákvörðun sektarfjárhæðar í máli þessu var litið til þess að upplýsingaskylda útgefanda samkvæmt 122. gr. vvl. er ein af grundvallarstoðum heilbrigðs og virks fjármálamarkaðar en reglum um meðferð innherjaupplýsinga er ætlað að treysta gagnsæi fjármálamarkaðar, jafnræði fjárfesta og heiðarleika í verðbréfavíðskiptum. Um leið og útgefendur fjármálagerninga taka ákvörðun um að óska eftir að fjármálagerningar verði teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, gangast þeir undir ákveðnar skyldur sem slíkir. Ein af þeim skyldum er upplýsingaskyldan samkvæmt 122. gr. vvl.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Við ákvörðun sektarfjárhæðarinnar var ennfremur litið til eðlis og umsvifa Kópavogsbæjar á verðbréfamarkaði, að Kauphöllinni bárust engar tilkynningar um viðskipti með skuldabréf útgefin af Kópavogsbæ á þessum tíma, um fyrsta brot Kópavogsbæjar er að ræða og þess að dráttur varð á meðferð málsins hjá Fjármálaeftirlitinu sem taka ber tillit til.